

Alþingi  
Erindi nr. P 135/1214  
komudagur 24.1.2008

**Sigrún Brynja Einaradóttir**

**From:** thorir.lbsen@utn.stjr.is  
**Sent:** 13. október 2007 18:20  
**To:** Sigrún Brynja Einaradóttir  
**Subject:** Fw: Samstarf á sviði öryggis- og varnarmála á Norður-Atlantshafi  
**Attachments:** MOU\_-\_undirritun.pdf; Yfirlýsing\_Islands\_og\_Danmerkur.pdf

**Fw: Samstarf á sviði öryggis- og varnarmála á Norður-Atlantshafi**



Málsnúmer: UTN07050048  
Númer skjals: UTN0008  
Búið til: 13.10.2007  
Ábyrgur: Þórir Ibsen

### Utarríkisráðuneytið

#### *Minnisblað*

**Viðtakandi:** Utarríkismálanefnd  
**Sendandi:** Utarríkisráðherra  
**Dagsetning:** 12.10.2007  
**Málsnúmer:** UTN07050048  
**Bréfalykill:** 09.V.101

**Efni:** Samstarf á sviði öryggis- og varnarmála á Norður-Atlantshafi

#### Texti:

Þann 26. apríl sl. var undirritað tvíhliða rammasamkomulag við Noreg um samstarf á sviði öryggis- og varnarmála, sem og á sviði viðbúnaðar, leitar og björgunar. Jafnframt var undirritað tvíhliða yfirlýsing við Danmörku um samstarf á sviði öryggis- og varnarmála og almannavarna.

Í samkomulaginu og yfirlýsingunni er vísað til aðildar ríkjanna að Atlantshafsbandalaginu og skuldbindinga sem af því leiða. Áhersla er lögð á þá viðleitni að stuðla að auknu öryggi og stöðugleika á Norður-Atlantshafi. Í þeim felst ákveðin staðfesting á sameiginlegum hagsmunum og framtíðarsýn ríkjanna varðandi öryggismál á Norður-Atlantshafi. Það myndar grunn frekara samráðs, samhæfingar og samstarfs sem getur skilað meiri samnýtingu í viðbúnaði.

Í eðli sínu eru samkomulagið og yfirlýsingin tvíþætt og varða samráð milli embættismanna ríkjanna og samstarf og samhæfingu milli stofnanna. Er stefnt að því að efla samstarf ríkjanna, meðal annars með reglubundnum fundum embættismanna og sérfræðinga, og ákvörðun boðleiða á milli ráðuneyta og stofnana. Lögð er áhersla á menntun og þjálfun starfslíða, auknið samstarf varðandi leit og björgun og á sviði almannavarna, og skipti á upplýsingum. Þá er stefnt að því að auka heimsóknir og æfingar flugvéla, skipa og sérsveita.

Á grundvelli samkomulagsins og yfirlýsingarinnar er unnið að frekari samvinnu um einstök atriði. Fyrsti

fundur embættismanna á grunni samkomulagsins við Noreg var haldinn í Reykjavík 1. október sl.  
Fyrirhugaður er sambærilegur fundur með dönskum embættismönnum í Kaupmannahöfn 5. nóvember nk.

Fundinn með Norðmönnum sátu embættismenn forsætis-, utanríkis- og dómsmálaráðuneyta fyrir Íslands hönd. Fulltrúar úr utanríkisráðuneyti og varnarmálaráðuneyti Noregs sátu fundinn Meðal þess sem rætt var á fundinum voru nýhafin flug rússneskra langdrægra sprengjuflugvéla um Norður-Atlantshaf, nýjar áskoranir á sviði öryggismála á Norðurslóðum, loftrýmisseftirlit við Ísland, varnaræfingar með þátttöku beggja ríkjanna, efling upplýsingamiðlunar og fyrirhugaður leiðtogafundur Atlantshafsbandalagsins í Búkarest næsta vor.

Fyrirhugað er aukið samstarfi Landhelgisgæslunnar og Ríkislögreglustjóra við systurstofnanir í Noregi og Danmörku. Hafin er vinna við samþættingu varnarviðbúnaðs Íslands og Atlantshafsbandalagsins. Þar er fyrst og fremst átt við Íslenska loftvarnarkerfið (IADS) sem í dag er rekið af Ratsjárstofnun og tengingu þess við loftvarnarkerfi NATO í Evrópu (NATINADS). Þá hafa samskiptaleiðir við næstu bandalagsríki Íslands hvað varðar loftrýmisseftirlit verið skilgreindar.

Markmiðið með samstarfinu er m.a. að auka öryggi á Norðurslóðum, þ.m.t. að ná fram samþættingu og hagræðingu þar sem það á við. Þá er tryggt að aðilar þekki getu hvors annars og geti unnið saman með markvissum og skilvirkum hætti. Samstarfið verður mismunandi eftir því hvaða ríki eiga í hlut og hvar hagsmunir liggja saman. Samstarf getur þ.a.l. verið um loftrýmisseftirlit við Noreg og Bretland, um mengun á hafi, umhverfislys og eftirlit með sjóræningjaveiðum við Noreg og Danmörku og umhverfiseftirlit og kaftáaleit við Þýskaland, svo dæmi séu tekin. Samkomulagið við Noreg og yfirlýsingin með Danmörku voru þannig fyrstu skref í virkjun tvíhliða samstarfs um öryggis- og varnarmál við grannríki. Þá er hafinn undirbúningur að slíku samstarfi við Kanada og Bretland. Fyrirhugaðar eru einnig viðræður við Þýskaland og Frakkland.

Noregur verður hluti af  
væðingarkerfi ESB yfir  
hafinu frá Svantakerfi til  
Nardunsgávar.

# **SAMKOMULAG UM SAMSTARF Á SVIÐI ÖRYGGISMÁLA, VARNARMÁLA OG VIÐBÚNAÐAR MILLI NOREGS OG ÍSLANDS**

## **1. Aðilar.**

Gjörningur þessi er samkomulag milli Noregs og Íslands (hér á eftir nefnd aðilarnir) um samstarf á sviði öryggismála, varnarmála og viðbúnaðar.

## **2. Markmið og gildissvið.**

### **2.1 Markmið.**

Markmið þessa samkomulags er að staðfesta pólitískan vilja til þess að víkka samstarf milli norskra og íslenskra stjórnvalda á friðartímum í málum er varða öryggi, varnir, viðbúnað og björgun á Norður-Atlantshafssvæðinu.

Samkvæmt ákvörðun Noregs og Íslands um að efla fyrrnefnt tvíhliða samstarf á friðartímum verður meðal annars efnt til reglulegs samráðs auk þess að samhæfing og samvinna verður aukin í því skyni að stuðla að meiri viðbúnaði á þessum sviðum. Samstarfið er grundvallað á Norður-Atlantshafssamningnum, aðild landanna að Atlantshafsbandalaginu og þeim skuldbindingum sem af þessu leiðir. Þetta samkomulag varðar ekki fyrrnefndar skuldbindingar eða hefur áhrif á þær.

Aðilarnir eru einhuga um að þeir hafi margs konar sameiginlegra hagsmuna að gæta á Norður-Atlantshafssvæðinu. Meginmarkmið þeirra er að stuðla að varanlegum stöðugleika og öryggi á þessu svæði. Unnt er að gæta sameiginlegra hagsmuna með auknu samstarfi milli aðilanna sem verður þróað í samvinnu við önnur aðildarríki að Atlantshafsbandalaginu á sama svæði.

Aðilarnir hyggjast skýra bandalagsþjóðunum innan Atlantshafsbandalagsins frá þessu samkomulagi og framkvæmd þess. Þeir hyggjast auka samráð og samræmingu milli bandalagsþjóðanna viðvíkjandi öryggismálum á Norður-Atlantshafi í víðara samhengi.

### **2.2 Gildissvið.**

Eigi ber að líta á þetta samkomulag sem samning í samræmi við Vínarsamninginn frá 1969.

Eigi er ætlunin að þetta samkomulag fari í bága við innlend lög eða þjóðarétt eða við fyrirliggjandi alþjóðasamninga sem munu gilda í samskiptum aðilanna. Komi í ljós ósamræmi skulu innlend löggjöf eða reglur þjóðaréttar og ákvæði fyrirliggjandi alþjóðasamninga, sem munu gilda í samskiptum aðilanna, hafa forgang. Aðilarnir munu skýra hvor öðrum frá ósamræmi sem kann að koma í ljós.

### **2.3 Umfang.**

Ákvörðun norsku ríkisstjórnarinnar og þeirrar íslensku um að bjóðast til að efla samstarf á eftirfarandi sviðum er grundvöllur samstarfsins:

### 2.3.1 Upplýsingaskipti og fræðsla.

Aðilarnir hyggjast efla til samráðs milli embættismanna hlutaðeigandi ráðuneyta á hálfis árs fresti, til skiptis í Noregi og á Íslandi. Áætlun um samráðsfundi verður tekin saman reglulega og skulu aðilarnir samþykkja hana.

Aðilarnir munu skiptast á upplýsingum um tengiliði úr rögum embættismanna hlutaðeigandi ráðuneyta og um hugsanlega tengiliði innan opinberra stofnana.

Aðilarnir hyggjast efla tengsl milli lögreglu- og öryggismálayfirvalda sinna.

Noregur hyggst leggja sitt af mörkum til menntunar og þjálfunar íslensks starfsliðs, meðal annars á sviði flugeftirlits og viðeigandi stjórnunar, eftir nánara samkomulagi með hliðsjón af tímalengd og umfangi. Noregur hyggst enn fremur leggja sitt af mörkum til áframhaldandi námskeiðahalds fyrir íslenskt starfslið í upplýsingaöflun og um öryggismál.

### 2.3.2 Leitar- og björgunarþjónusta og almannavarnaviðbúnaður.

Aðilarnir hyggjast undirbúa gerð samnings, á grundvelli þessa samkomulags, milli hlutaðeigandi ráðuneyta, meðal annars um upplýsingaskipti viðvíkjandi eftirliti með skipaferðum, um leitar- og björgunarþjónustu, hugsanlegt samstarf um öflun tækjabúnaðar, m.a. nýrra björgunarþyrlna, og um viðbúnað á sviði almannavarna.

### 2.3.3 Varnarsamstarf.

Aðilarnir hyggjast auka, að teknu tilliti til sameiginlegra þarfa, tækifæri til heimsóknna og æfinga og til að stunda annars konar varnarstarfsemi, meðal annars með tilstyrk sérsveita, her- og varðskipa og norskra orrustuflugvéla og eftirlitsflugvéla á Íslandi og í íslenskri loft- og landhelgi.

### 2.3.4 Skipulagning og aðgerðir.

Markmið aðilanna er að efla samstarf um skipulagningu og um aðgerðir flugsveita, sjóhers og landhelgisgæslu á Íslandi og hafsvæðinu umhverfis Ísland.

## 3. Stuðningur viðtökurkris.

Íslensk stjórnvöld munu veita norsku starfsliði og starfsemi, sem tengist samstarfsverkefnum á íslensku yfirráðasvæði sem eru grundvölluð á þessu samkomulagi, stuðning viðtökurkris. Ísland mun bera kostnað vegna staðsetningar liðsmanna, kosts og nauðsynlegs stuðnings á landi og vegna notkunar aðstöðu í Keflavíkurstöðinni. Semja ber um umfang og eðli veitts stuðnings áður en viðkomandi verkefni er leyst.

Vegna varnarsamstarfsins verða staðlar og verklagsreglur Atlantshafsbandalagsins um stuðning viðtökurkris (að meðtöldum MC319/1, MC 334/1, AJP 4.5(A), STANAG 3113 og STANAG 2034) lögð til grundvallar.

Auk þessa samkomulags hyggjast aðilarnir undirbúa gerð ítarlegs, tæknilegs samnings og taka saman yfirlit yfir þarfir í tengslum við nauðsynlegar æfingar á Íslandi. Hvers er nákvæmlega þörf, að því er varðar viðveru og æfingar af ýmsum toga á Íslandi, verður ákveðið fyrirfram í hverju tilviki fyrir sig.

#### 4. Réttarstaða o.fl.

Farið verður með mál sem snerta réttarstöðu, lögsögu, aga og skaðabætur og varða liðsafla og starfslið á vegum annars aðilans, sem tekur þátt í varnarsamstarfi samkvæmt þessu samkomulagi og dvelur þar af leiðandi á yfirráðasvæði hins aðilans, samkvæmt ákvæðum samnings Atlantshafsbandalagsins um réttarstöðu útsends liðsafla (SOFA).

Ísland hefur fullgilt samning Atlantshafsbandalagsins um réttarstöðu útsends liðsafla (SOFA) frá 1951. Sá samningur verður einn þeirra grunnþátta sem hið útvíkkaða samstarf Noregs og Íslands verður byggt á, þ.e. samstarf sem verður liður í samstarfi sem komið verður á á breiðum grundvelli milli Noregs, Íslands og annarra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins á Norður-Atlantshafssvæðinu.

#### 5. Kostnaður.

Hvor aðili um sig skal bera þann kostnað sem tengist eigin starfsemi samkvæmt þessu samkomulagi, nema því aðeins að aðilarnir verði einhuga um annað eða að annað leiði af þessu samkomulagi eða tæknilegum samningum sem eru grundvallaðir á því. Í þessu samkomulagi er ekki fjallað um yfirfærslu fjár milli aðilanna.

#### 6. Skipti á trúnaðarupplýsingum og vernd þeirra.

Allar trúnaðarupplýsingar, sem skipst er á eða verða til í tengslum við starfsemi samkvæmt þessu samkomulagi, skal nota, senda, varðveita og meðhöndla í samræmi við löggjöf og öryggisákvæði aðilanna, enn fremur, ef við á, í samræmi við tvíhliða samninga milli þeirra um öryggismál, þó þannig að aðilarnir fylgi að lágmarki verndarreglum gerningsins „Security within the North Atlantic Treaty Organisation“, C-M(2002)49 frá 17. júní 2002 með áorðnum breytingum.

Hvor aðili um sig mun gera allar ráðstafanir, sem lög leyfa, til þess að tryggja að trúnaðarupplýsingar, sem eru afhentar eða verða til í tengslum við starfsemi samkvæmt þessu samkomulagi, verði eigi afhentar þriðju aðilum án samþykkis hins aðilans.

#### 7. Lausn deilumála.

Leysa ber sérhvert deilumál um túlkun eða beitingu þessa samkomulags með samráði milli aðilanna á lægri stigum og verður slíku deilumáli eigi vísað til innlands eða alþjóðlegs dómstóls eða annars þriðja aðila.

#### 8. Almenn ákvæði.

Samkomulag þetta öðlast gildi þegar báðir aðilar hafa undirritað það.

Heimilt er að gera breytingu á samkomulagi þessu hvenær sem er taki aðilarnir sameiginlega ákvörðun þar um.

Hvor aðili um sig getur sagt samkomulagi þessu upp með 120 daga fyrirvara sem hann tilkynnir hinum um skriflega. Í því tilviki ber að vernda áfram allar trúnaðarupplýsingar, sem skipst er á eða verða til á grundvelli samkomulags þessa, í samræmi við ákvæði 6. liðar samkomulags þessa.

**Samkomulag þetta er gert á tveimur tungumálum, norsku og íslensku, í fjórum frumritum, ásamt staðfestri þýðingu á ensku.**

**ÓSLÓ, 26. apríl 2007**

**Jonas Gahr Støre  
utanríkisráðherra Noregs**

**Valgerður Sverrisdóttir  
utanríkisráðherra Íslands**

**Yfirlýsing**  
**Lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Danmerkur**  
**um samstarf í víðari skilningi um öryggis- og varnarmál og almannavarnir**

1. Ísland og Danmörk staðfesta pólitískan vilja til þess að eiga samráð um öryggis-, og varnarmál og almannavarnir á Norður-Atlantshafssvæðinu, ásamt því að samræma slík mál og eiga samstarf um þau. Þetta er gert með stoð í Norður-Atlantshafssamningnum, aðild landanna að Atlantshafsbandalaginu og þeim skuldbindingum sem af því leiðir.

2. Meginmarkmið okkar er, með sameiginlega hagsmuni okkar á Norður-Atlantshafssvæðinu í huga, að stuðla að varanlegum stöðugleika og öryggi á því svæði. Gæta ber þessara sameiginlegu hagsmuna með auknu samstarfi milli landa okkar sem verður þróað enn frekar í félagi við önnur aðildarríki að Atlantshafsbandalaginu á sama svæði. Ísland og Danmörk hafa þegar komið á nýtsamlegu samstarfi um öryggis- og varnarmál og almannavarnir. Sem dæmi má nefna samkomulagið frá 11. janúar 2007 um samstarf á sviði eftirlits með fiskveiðum og mengun og á sviði liðsmannaskipta.

3. Tvíhliða samráð hefur farið fram í því skyni að leggja grunn að opinni og raunhæfri áætlun um aukið samráð, samhæfingu og samstarf um málefni er varða gagnkvæma hagsmuni á sviði öryggis- og varnarmála og almannavarna, að meðtöldum þeim hagnýtu samstarfssviðum sem þegar nýtast vel.

4. Efna ber til samstarfs á sviðum þar sem unnt er að ná fram samlegð báðum til hagsbóta með þeim viðbúnaði sem nú er til staðar og á raunhæfan hátt.

5. Ísland og Danmörk eru því sammála, á þeim forsendum sem fyrr getur, að eftirfarandi þættir skuli vera undirstaða aukins samstarfs landanna:

5.1. Ísland og Danmörk lýsa yfir vilja sínum til þess að efna til samráðs embættismanna frá viðkomandi yfirvöldum á hálfis árs fresti um mál er varða gagnkvæma hagsmuni á sviði öryggis- og varnarmála og almannavarna. Samráðsfundir skulu fara fram til skiptis á Íslandi og í Danmörku.

5.2. Viðkomandi innlendum yfirvöldum ber að tilgreina og tilkynna hvor öðrum um virkar samskiptaleiðir og tengiliði á milli viðeigandi stofnanna.

5.3. Kerfisbundin upplýsingaskipti skulu fara fram þegar það á við vegna frekari samræmingar og samstarfs viðvirkjandi málum er varða gagnkvæma hagsmuni. Skipti á trúnaðarupplýsingum eða upplýsingum, sem eru verndaðar með öðrum hætti, skulu fara fram samkvæmt tvíhliða samkomulagi milli Íslands og Danmerkur og því verklagi Atlantshafsbandalagsins sem þegar hefur verið komið á.

5.4. Danmörk mun leitast við að leggja skerf til hjálfunar íslensks, borgaralegs starfslíðs á tilteknum sviðum þegar því verður við komið. Ísland og Danmörk skulu semja um einstök atriði slíks framlags í hverju tilviki fyrir sig.

5.5. Ísland og Danmörk munu, með hliðsjón af yfirstandandi samstarfi um almannavarnir á vettvangi fundar norrænna yfirmanna almannavarna, kanna þann kost að efla enn frekar samstarfið á sviði viðbragða við neyðarástandi sem ógnar öryggi borgaranna.

5.6. Ísland og Danmörk munu kanna hvort unnt sé að auka samstarf landanna um framlag þeirra til fjölbjóðlegra aðgerða og æfinga, jafnt borgaralegra sem hernaðarlegra. Meðal slíkra kosta gæti verið samstarf sem felst í aðgerðum á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, hugsanleg sameiginleg þjálfun, skipti á reynslu af bestu starfsvenjum og reynslu frá leiðangurssvæðum.

5.7. Ísland og Danmörk munu kanna með virkum hætti tækifæri til gagnkvæmra heimsóknna og þátttöku í borgaralegri og hernaðarlegri þjálfun og æfingum með t.d. dönskum og íslenskum flugvélum, þyrlum, her- og varðskipum og sérsveitum innan vébanda Atlantshafsbandalagsins.

5.8. Ísland mun veita dönsku starfsliði og starfsemi, sem tengist samstarfsverkefnum á íslensku yfirráðasvæði sem samkomulag er um, stuðning viðtökurkís. Umfang og eðli þess stuðnings viðtökurkís sem Ísland skal veita ber að ákveða í hverju tilviki fyrir sig áður en samstarfsverkefni eru leyst af hendi. Ísland mun bera áður umsamin kostnað vegna staðsetningar liðsmanna, kosts og nauðsynlegs stuðnings á landi í tengslum við nýtingu Dana á mannvirkjum á Keflavíkurflugvelli.

ÓSLÓ,

Valgerður Sverrisdóttir,  
utanríkisráðherra  
lýðveldisins Íslands

Per Stig Møller,  
utanríkisráðherra  
konungsríkisins Danmerkur